

49. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 6. júní 2007 kl.12 -13 á Salatbarnum.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Helga Tuliníus og Sigurlaug Hauksdóttir. Gestur Gíslason var sérstakur gestur fundarins.

Fjarverandi: Hildur Gestsdóttir og Ragna Karlsdóttir

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Áætlanir CLF

Nú liggur fyrir teikning af nýju húsi CLF fyrir ýmis konar starfsemi aðallega innan dyra en líka utan dyra, heimavist fyrir stúlkurnar og áætlun um byggingarkostnað. Hann er upp á 5.4 milljónir ísl.króna og virðist falla undir ramma japönsku stuðningsaðilanna. Formlegt samþykki þeirra fyrir byggingunni getur samt ekki átt sér stað fyrr en lóðakaup fyrir bygginguna er í lagi. Samþykkt var að veita CLF 6 milljónir Ug. shs. í styrk til lóðakaupa. CLF hefur það sem upp á vantar fyrir lóðarkaupin frá ICEIDA sem er í raun fyrirframgreiðsla á rekstrarfé ICEIDA að upphæð 4 milljónum Ug. shs.. Við þyrftum í framhaldi að þessu að fá tíma- og rekstraráætlun fyrir bygginguna.

Ákveðið að senda Rosette „memorandum“ í ramma sem hnykkir á hlutverki Alnæmisbarna og samstarfsgrundvelli CLF og Alnæmisbarna. Sigríður Baldursdóttir, mannfræðingur, sem fer bráðlega í starfsþjálfun til ICEIDA í Uganda, gæti mögulega tekið hann með sér og afhent Rosette hann. Sigríður ætlar einnig að senda okkur meistararitgerð sína sem við ætlum að setja inn á heimasíðu Alnæmisbarna.

Gestur ætlar að heimsækja CLF í haust þegar hann á leið til Afríku. María fer líklegast með honum í þá heimsókn þar sem hún er búin að fá styrk frá ÞSSÍ til þess að sinna ákveðnu verkefni í Uganda.

Innheimta félagsgjalda

Tuttugu og tveir stuðningsaðilar og félagsmenn hafa greitt félagsgjald eftir að hafa fengið sendan netpóst. Bjarni ætlar að senda ítrekun eftir u.þ.b. einn mánuð og hafa þá í bréfinu lista yfir þá sem þegar hafa greitt gjaldið.

Önnur verkefni

Gestur lét Rosette vita um styrkveitinguna fyrir lóðinni á fundinum svo að samþykki Japananna fyrir byggingunni geti fengist sem fyrst og

byggingarframkvæmdir hafist. Einnig var hún látin vita af því að peningarnir komu í okkar hendur sem styrkur frá utanríkisráðherra Íslands, en Valgerður Sverrisdóttir ráðherra heimsótti Rosette á ferð sinni í Uganda. Styrkveitingin verður jafnframt sett inn á heimasíðu Alnæmisbarna og netpóstur sendur til allra félagsmanna.

Við viljum leggja áherslu á að tengjast betur stjórn CLF en þess má geta að þrír fulltrúar hennar búa í Kampala, einn í Suður-Afríku og einn á Íslandi.

María ætlar að skrifa til skólastjórnenda Kitetika-skólans upp á næstu skref í samstarfi okkar.

Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn í ágúst.

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar